

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 5. janúar 2021
UST202003-196/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar á geymi T0050 (730.01.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Reyðarfirði

Umhverfisstofnun bárust þann 25. júní sl. botnþykktarmælingar á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Reyðarfirði. Geymirinn eru nr. T0050 (730.01.00) og stendur í mengunarvarnarþró olíubirgðastöðvarinnar.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli A. Guðmundsson hjá NDT ehf. á Akureyri þann 28. maí sl. Notaður var MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4-0016-A-TFS og Olympus 45 MG. 5 Mhz serial nr. 130177407, kvarðaður með 3 mm, 6 mm, 9 mm, 12 mm og 18 mm stilliklossum.

Í skýrslu NDT ehf. kemur fram að geymirinn sé í ágætu ásigkomulagi að innanverðu og að gólf og neðsta umfar sé ómálað. Lítur geymirinn vel út að utanverðu. Neðsta umfar var alsett tæringu við kverk og var rafsoðið í verstu pyttina sem og í pytti í gólfi geymis. Næg efnisþykkt er til staðar í geymi þó gólf sé alsett ryði og pyttum. Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um botnþykktarmælingar á geyminum.

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
sérfræðingur